

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag hf. Sólberg ÓF-1



Dags eftirlits	13.3.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ísfélag hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Tangagata 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Helgi Marteinsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Gunnarsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu og engin ábending var gerð. Um er að ræða fyrsta eftirlit til rekstraraðila.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins um borð í Sólbergi ÓF-1.

Fiskimjölsverksmiðja Ísfélagsins um borð í Sólbergi er með bráðabirgðaleyfi sem gildir „þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 8. desember 2024.“ Framleiðslugeta verksmiðjunnar er u.þ.b. 100 tonn af fiskimjöli og 30 m<sup>3</sup> af lýsi í hverri veiðiferð sem tekur um 30 daga.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir bráðabirgðaheimild rekstraraðila
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir bráðabirgðaheimild rekstraraðila  
Vinnsla starfsleyfis er í gangi hjá Umhverfisstofnun.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða  
Áhættumatið var rætt og uppfært að eftirlitinu loknu.

3. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti  
Kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits fylgdu fundarboðinu og var rekstraraðila bent á að kynna sér þær.

4. Önnur mál  
Farið var yfir starfsemi fiskimjölsverksmiðjunnar og rætt um sérstöðu hennar. Verksmiðjan er keyrð á afgasi frá skipinu og því er engin olfa notuð við rekstur hennar.

5. Skoðunarferð  
Verksmiðjan var skoðuð og farið yfir framleiðsluferlið. Auk þess var efnageymslan skoðuð.

## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.04.2024

Freyr Ævarsson